

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hólmfríðar Sveinsdóttur um Jafnréttisráð.

1. *Stendur til að setja reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald? Ef svo er, hvenær má vænta hennar?*

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 segir í 7. gr. að félagsmálaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald. Hefur verið farið fram á það við nýskipað Jafnréttisráð að það ræði hvernig það telji best að hagað verði starfsemi ráðsins. Að fengnum tillögum þess mun reglugerðin verða unnin.

2. *Eru Jafnréttisráði ætluð önnur verkefni en kveðið er á um í lögum, þ.e. að vera ráðgefandi og gera tillögur um aðgerðir á sviði jafnréttismála?*

Hlutverki Jafnréttisráðs er lýst í 8. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Ráðið skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði. Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum og getur jafnframt gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins. Ekki er fyrirhugað að fela Jafnréttisráði önnur verkefni.

3. *Mun Jafnréttisráð geta staðið að sjálfstæðum rannsóknum á jafnréttismálum?*

Ekki er fráleitt að Jafnréttisráð geti staðið fyrir könnunum í tengslum við tiltekin verkefni. Líklegt er að um slíkt yrði fjallað í reglugerð um störf þess og vísast í því sambandi til svars við fyrsta lið.

4. *Munu félög, samtök og/eða einstaklingar geta sótt um styrk hjá Jafnréttisráði eða Jafnréttisstofu til verkefna á sviði jafnréttismála?*

Ekki er gert ráð fyrir því að Jafnréttisráð verði styrktaraðili verkefna, hins vegar mun Jafnréttisstofa annast ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur um styrki í innlenda og erlenda sjóði á sviði jafnréttismála.

5. *Hver er fjárhagsrammi Jafnréttisráðs?*

Fjárhagsrammi Jafnréttisráðs mun m.a. ráðast ef verkefnum þess eins og þau verða skilgreind í reglugerð í samráði við ráðið. Ráðið fær þjónustu starfsmanns í hálfu starfi og er hann staðsettur á Jafnréttisstofu.

6. *Hver er fyrirsjáanlegur kostnaður á ári við hið nýja Jafnréttisráð borið saman við Jafnréttisráð sem lauk störfum nú í haust?*

Jafnréttisráð skipað á grundvelli fyrri laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hafði bæði aðra stjórnsýslulega stöðu og önnur verkefni en núverandi Jafnréttisráð sem skipað er á grundvelli nýrra laga. Verkefni Jafnréttisráðs hafa að breyttum lögum að mestu leyti verið falin nýrri stofnun, Jafnréttisstofu. Jafnréttisráð sinnir nú afmarkaðra hlutverki og

verkefnum. Samanburður á fjárframlögum til fyrrverandi Jafnréttisráðs og þess ráðs sem nú er að störfum er því ekki að neinu leyti lýsandi um breytingar á fjárframlögum til sömu starfsemi. Ekki hefur verið gengið endanlega frá fjárveitingum eða skiptingu fjármagns til jafnréttismála fyrir árið 2001. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að hjá félagsmálaráðuneyti fari samtals 48,8 millj. kr. til jafnréttismála. Á fjárlögum ársins 2000 var 45,6 millj. kr. varið til jafnréttismála.

*7. Er í fjárhagsáætlun ráðuneytisins gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar Jafnréttisráðs?*

Í áætlunum félagsmálaráðuneytis hefur verið tekið tillit til aukinna útgjalda vegna ferðakostnaðar Jafnréttisráðs.